



Hreppsnefnd Kjósarhrepps
b.t. Karl Magnús Kristjánsson, oddviti
Ásgarði Kjós
276 Mosfellsbæ

Reykjavík, 2. nóvember 2021

Ráðningarbréf reikningsskilapjónustu

Með hliðsjón af lögum um endurskoðendur og endurskoðun nr. 94/2019 og hertra ákvæða um óhæði endurskoðenda óskum við eftir því að gert sé sérstakt ráðningarbréf um aðra vinnu en endurskoðun. Ráðningarbréf þetta er til staðfestingar á þeirri vinnu sem við munum inna af hendi og útskýringar á þeim skilmálum sem gilda um verkefnið. Verkefnið verður unnið fyrir Kjósarhrepp fyrir árið 2021.

Almennir skilmálar okkar um verkefnið koma fram í þessu bréfi. Skilmálarnir gilda fyrir aðstoð við framsetningu og gerð á ársreikningi fyrir Kjósarhrepp.

Þar sem PricewaterhouseCoopers ehf. er endurskoðandi fyrir Kjósarhrepp mun aðstoð okkar við framsetningu og gerð ársreiknings og skattframtals takmarkast af gildandi lögum og reglum um óhæði endurskoðenda.

1. Lýsing á verkefninu

Aðstoð við gerð ársreiknings

Við munum veita aðstoð við gerð og framsetningu ársreikningsins, þ.m.t. rekstrarreiknings, efnahagsreiknings, sjóðstreymis og skýringa, byggt á gögnum sem unnin eru af stjórnendum félagsins. Þar sem við erum endurskoðendur sveitarfélagsins er okkur ekki heimilt að vinna ársskýrslu. Við getum heldur ekki framkvæmt verðmat á eignum, skuldum eða öðrum liðum sem fram koma í ársreikningnum. Gert er ráð fyrir að stjórnendur sveitarfélagsins taki ákvarðanir varðandi matskennda liði í ársreikningnum og að félagið sjái sjálft um að gera nauðsynlegar lokafærslur.

Vinna okkar takmarkast við að leggja fram drög að ársreikningi til samþykktar af stjórnendum sveitarfélagsins. Samkvæmt lögum um ársreikninga nr. 3/2006 er það á ábyrgð stjórnenda sveitarfélagsins að framsetning ársreiknings og ársskýrslu sé í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

2. Eign og aðgangur að vinnugögnum

Vinnugögn og rafrænar skrár sem við höfum útbúið í tengslum við vinnuna eru óskoruð eign PwC. Við gætum þurft að deila upplýsingum með yfirvöldum og eftirlitsaðilum til að uppfylla lagalegar skuldbindingar.

3. Þóknun

[Handwritten signature] AKT

Þóknun okkar, sem fellur til greiðslu eftir því sem verkinu miðar verður í samræmi við þann tíma sem varið er til verksins. Gjald fyrir hverja vinnustund fer eftir ábyrgð viðkomandi starfsmanns og þeirri reynslu og hæfni sem krafist er.

4. Þjónusta PwC

Það er markmið okkar að veita góða þjónustu sem er í samræmi við þarfir viðskiptavina okkar. Ef þið óskið eftir því að ræða einhvern þátt þjónustunnar sem betur mætti fara óskum við eftir því að málið verði án tafar rætt við umsjónarmann verkefnisins eða sviðsstjóra endurskoðunarviðs á skrifstofu okkar í Skógarhlíð 12, Reykjavík. Með þessu móti viljum við tryggja að brugðist verði án tafar við athugasemdum eða ábendingum sem þið kunnið að vilja koma á framfæri við okkur.

5. Lögsagnarumdæmi

Um ráðningarbréf þetta gilda íslensk lög eins og þau eru á hverjum tíma. Sérhvern ágreining milli samningsaðila, sem upp kann að koma og tengist á einn eða annan hátt ráðningarbréfi þessu, skal leggja fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur enda hafi samningsaðilar áður árangurslaust reynt að leysa úr ágreiningi sínum. Með undirritun þessa samnings er staðfest ófrávikjanlegt samkomulag milli aðila um að einungis íslenskir dómstólar muni fara með lögsögu ef upp kemur ágreiningur vegna þessa samnings.

6. Takmörkun ábyrgðar

Ábyrgð okkar vegna tjóns er í samræmi við það sem fram kemur í bréfinu og í almennum reglum um ábyrgð, sjá lög nr. 50/1993. Í engum tilfellum er PwC skuldbundið til að greiða Kjósarhreppi hærri fjárhæð vegna tjóns, kostnaðar eða hvers annars en sem nemur einfaldri þóknun sem greidd var til PwC vegna staðfestingarvinnunnar, að undanskildum kröfum vegna stórfells gáleysis eða vísitandi misferlis af hálfu PwC eða óheiðarleika. Í engum tilfellum er PwC skuldbundið til að bæta Kjósarhreppir fyrir óbeint eða afleitt tjón sem Kjósarhreppur telur að hægt sé að rekja til þjónustu PwC á grunni þessa bréfs.

7. Gagna- og persónuvernd

Til þess að vinna það verk sem ráðningarbréf þetta tekur til mun PwC vinna persónuupplýsingar með þeim hætti sem lýst er í persónuverndarstefnu félagsins. Persónuverndarstefna PwC er aðgengileg á heimasíðu félagsins, www.pwc.is

Kjósarhreppur samþykkir að PwC megi nota og upplýsa aðila sem tengjast PwC, um trúnaðarupplýsingar og gögn í eigu Kjósarhrepps:

- a) í þeim tilgangi að veita þá þjónustu sem er tilgreind í þessu ráðningarbréfi;
- b) til notkunar vegna tilfallandi krafna á hendur endurskoðendum svo sem vegna gæðaeftirlits og áhættumats;
- c) vegna varðveislu og hýsingar gagna í tengslum við upplýsinga- og gagnaöflun.

PwC tryggir að allar viðeigandi trúnaðarskyldur og ráðstafanir varðandi öryggi séu til staðar í þeim tilgangi að fyrirbyggja allan óleyfilegan og ólöglegan aðgang eða notkun á upplýsingum og gögnum Kjósarhrepps. Auk þess eru gerðar sérstakar ráðstafanir sem koma eiga í veg fyrir tap eða eyðileggingu á slíkum upplýsingum og gögnum.

Undirritun

Undirritun PwC

Við vonum að efni þessa bréfs sé í samræmi við skilning ykkar á hlutverki og störfum endurskoðanda félagsins og munum við gera okkar besta til þess að stuðla að góðri samvinnu um störf okkar. Vinsamlega undirritið og endursendið hjálaga afrit af bréfi þessu til staðfestingar á að efni þess samræmist skilningi ykkar á tilhögun þjónustu okkar.

Vinsamlegast hafið samband við okkur ef þið óskið eftir frekari upplýsingum eða viljið ræða efni bréfsins fyrir undirritun þess.

Bréf þetta gildir þar til það er felld úr gildi, því breytt eða annað kemur í þess stað.



Virðingarfyllt,

PricewaterhouseCoopers ehf.


Undirritun: 

Undirritun viðskiptavinar

Undirritaður samþykkir hér með efni þessa bréfs með undirritun sinni fyrir hönd Kjósarhrepps og staðfestir jafnframt að hann hefur til þess heimild.


Undirritun: 

Dagsetning: